

**Rótarýklúbburinn**  
**Reykjavík-Breiðholt**  
Stofnaður 12. desember 1983

**Sérlög klúbbsins**

I. KAFLI

*Nafn og svæði*

1. gr.

- Klúbburinn heitir Rótarýklúbburinn Reykjavík-Breiðholt og nær yfir alla Breiðholtsbyggð í Reykjavík svo og nágrenni.
- Klúbburinn á aðild að Alþjóðasambandi rótarýmanna (Rotary International), Rótarýsjóðnum (Rotary Foundation), íslenska rótarýumdæminu (umdæmi nr. 1360 í Alþjóðasambandi rótarýmanna) og öðrum samtökum rótarýmanna eftir ákvörðun klúbbsins.
- Auk þessara sérlaga gilda fyrir Rótarýklúbbinn Reykjavík-Breiðholt grundvallarlög Alþjóðasambands rótarýmanna (Constitution of Rotary International), sérlög þess (By-laws of Rotary International) og grundvallarlög rótarýklúbba, sem sett eru af Alþjóðasambandi rótarýmanna fyrir alla rótarýklúbba, er stofnaðir hafa verið eftir 6. júní 1922.

II. KAFLI

*Stjórn*

2. gr.

- Stjórn klúbbsins skipa forseti, verðandi forseti, dagskrárstjóri, ritari, gjaldkeri og stallari.
- Dagskrárstjóri, ritari, gjaldkeri og stallari eru kosnir til eins árs en verðandi forseti til tveggja ára og er hann forseti seinna árið.
- Verðandi forseti, dagskrárstjóri, ritari, gjaldkeri og stallari skulu kosnir hver um sig og í nefndri röð.

3. gr.

- Á fyrsta fastafundi eftir 15. nóvember ár hvert skal forseti fundarins skora á félag að nefna menn til að vera í stjórnarkjöri. Tilnefning skal vera skrifleg og afhent ritara eigi síðar en eftir 10 daga. Hver félagi má tilnefna einn félag í hvert embætti. Stjórnin athugar allar tilnefningar og tilkynnir á fyrsta eða öðrum fastafundi eftir lok frests til að skila tilnefningum, hverjir þrír hafa fengið flest atkvæði. Eru þeir í kjöri en aðrir ekki. Ef fleiri félagar en þrír koma til greina, vegna þess að atkvæði eru jöfn, skal hlutkesti ráða, hver eða hverjir eru í kjöri.
- Skrifleg kosning skal fara fram á næsta fastafundi eftir að tilnefningar voru tilkynntar og telst hann aðalfundur klúbbsins. Sá er rétt kjörinn sem fær flest atkvæði. Ef tveir eða fleiri fá jafnmörg atkvæði, skal hlutkesti ráða. Ef einungis einn félagi er tilnefndur í embætti, er hann sjálfkjörinn. Kjörgengir í stjórn klúbbsins eru allir virkir félagar.

4. gr.

Á aðalfundi, sbr. 3. gr., skal kjósa tvo skoðunarmenn ársreikninga fyrir næsta starfsár og einn varamann, eftir tillögu forseta.

5. gr.

Hin nýkjörna stjórn tekur við störfum á fyrsta fastafundi í júlímánuði, sbr. 14. gr.

6. gr.

Forfallist stjórnarmaður á kjörtímabilinu setur stjórnin mann í hans stað.

### III. KAFLI

#### *Skyldur embættismanna*

7. gr.

Forseti stjórnar fundum klúbbsins og stjórnarfundum. Hann er málsvari klúbbsins og gegnir öllum forsetaskyldum samkvæmt lögum og venjum.

8. gr.

Verðandi forseti gegnir skyldum forseta í forföllum hans. Ef hann er einnig forfallaður, gegnir þessum skyldum forseti síðasta starfsárs, síðan næsti forseti á undan honum o.s.frv.

Dagskrárstjóri hefur umsjón með störfum bæði aðalnefnda og annarra nefnda og starfshópa sem skipaðar eru til sérstakra viðfangsefna á vegum klúbbsins. Hann skal fylgjast með því í samráði við forseta að nefndirnar séu tímanlega tilbúnar með dagskrárefni þeirra funda sem þeim er falið að annast.

9. gr.

Ritari annast allar bréfaskriftir, heldur félagaskrá, gjörðabók fyrir klúbbfundi og stjórnarfundum og gerir skýrslu um fundarsókn hvers einstaks félaga. Hann sendir öðrum ratarýklúbbum tilkynningu, ef einhver félagi þeirra situr fundi klúbbsins. Hann semur og sendir viku- eða mánaðarbréf til klúbbfélaga sinna, annarra klúbba í umdæminu, umdæmisstjóra og annarra eftir ákvörðun stjórnarinnar. Hann semur og sendir svæðisskrifstofu Alþjóðasambands ratarýmanna í Stokkhólmi það sem hér segir:

- a) misserisskýrslu 1. júlí og 1. janúar;
- b) breytingar á félagaskrá og starfsgreinum;
- c) tilkynningar um stjórnarkjör o.fl., sem Alþjóðasamband ratarýmanna kann að mæla fyrir um.

Ritari sendir umdæmisstjóra:

- a) samrit tilkynninga til svæðisskrifstofu Alþjóðasambands ratarýmanna í Stokkhólmi;
- b) skýrslu um fundarsókn hvers mánaðar og skal hún gerð og send að loknum síðasta fundi í hverjum mánuði;
- c) breytingar á fundarstað og fundartíma.

Eitt samrit af öllum þessum skjölum skal varðveitt í skjalasafni klúbbsins. Að öðru leyti innir ritari af hendi þau störf, sem forseti klúbbsins felur honum.

10. gr.

Gjaldkeri innheimtir allar tekjur klúbbsins og greiðir alla reikninga, sem falla á klúbbinn. Hann gerir stjórninni grein fyrir fjárreiðum klúbbsins, þegar þess er óskað.

Að öðru leyti skal gjaldkeri leysa af hendi öll störf, sem samkvæmt lögum og venju varða embætti hans.

Reikningsárið er frá 1. júlí til 30. júní.

11. gr.

Stallari undirbýr fundi og sér um að vel sé búið að félögum á fundum. Hann varðveitir og skráir muni í eigu klúbbsins og innir að öðru leyti af höndum þau störf, sem embætti hans fylgja og forseti felur honum.

12. gr.

Stjórnin skal í byrjun hvers starfsárs semja fjárhagsáætlun fyrir það ár og leggja hana fyrir félagsfund til samþykkis eigi síðar en á síðasta fastafundi ágúst. Gjöld klúbbsins mega ekki fara fram úr þeirri áætlun, nema samþykki félagsfundar komi til.

#### IV. KAFLI

##### *Fundir*

13. gr.

Fastafundi klúbbsins skal halda á hverjum mánudegi kl. 18.15, nema þegar mánudag ber upp á almennan frídag. Þá getur stjórnin, þegar gildar ástæður eru, til fært fastafund til annars dags í sömu viku eða til annars tíma á venjulegum fundardegi, eða ákveðið að fundur verði haldinn á öðrum stað en hinum reglulega fundarstað.

Stjórnin gefur út skriflega fundaáætlun og nefndaskrá í byrjun starfsársins, þegar nefndir og starfshópar skv. VI. kafla hafa verið skipaðir. Stjórnin skal endurskoða fundaáætlun um áramót og gefa hana út að nýju, ef tilefni er til.

Stjórnin getur fellt niður fastafund ef knýjandi ástæður eru til. Stjórnin getur einnig fellt niður allt að fjóra fastafundi á ári af öðrum ástæðum en að framan greinir, þó þannig að aldrei falli niður fleiri en þrjár fundir í röð. Klúbbfélögum skal tilkynnt um allar breytingar á reglulegri fundaáætlun stjórnar með hæfilegum fyrirvara.

14. gr.

Fyrsti fastafundur í júlímánuði ár hvert er starfsskilafundur klúbbsins, nema fráfarandi forseti og viðtakandi forseti ákveði með hæfilegum fyrirvara að hafa síðasta fastafund í júnímánuði starfsskilafund. Fráfarandi forseti leggur þá fram og les upp skýrslu stjórnar um starfsemi klúbbsins á liðnu ári.

Eigi síðar en á síðasta fastafundi í ágúst skal fráfarandi gjaldkeri leggja fram endurskoðaðan ársreikning klúbbsins fyrir síðasta starfsár og fráfarandi stallari skal gefa skýrslu um muni í eigu klúbbsins.

Eintak af skýrslum þessum og ársreikningi skal ritari varðveita í skjalasafni klúbbsins.

15. gr.

Allir klúbbfundir eru ályktunarfærir í öllum málum, þegar a.m.k. 2/3 fundarskyldra félaga eru á fundi. Meirihluti atkvæða ræður í öllum málum, nema annað sé ákveðið í lögum klúbbsins.

16. gr.

Stjórnin heldur fundi eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði. Auk þess skal halda stjórnarfund ef forseti eða tveir aðrir stjórnarmenn óska þess.

17. gr.

Stjórnarfundir eru ályktunarfærir, er þrír eru á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum. Atkvæði forseta sker úr, ef atkvæði eru jöfn.

## V. KAFLI *Klúbbgjöld*

18. gr.

Inngöngugjald er 1/3 af árgjaldi og greiðist við inngöngu í klúbbinn. Þeir, sem hafa áður verið rótarýfélagar, þurfa ekki að greiða inngöngugjaldið.

19. gr.

Árgjald starfsársins skal ákvarðað með samþykki fjárhagsáætlunar, sbr. 12. gr.

## *Verkefnasjóður*

20. gr.

Við samþykkt fjárhagsáætlunar, sbr. 12. gr., getur stjórnin lagt til að tiltekinn hluti árgjalds hvers félaga skuli renna til verkefnasjóðs klúbbsins. Ennfremur getur stjórnin lagt til við framlagningu ársreiknings, sbr. 14. gr., að allt að 25% af tekjuafgangi ársins skuli lagður til verkefnasjóðsins. Fé úr verkefnasjóði má einungis verja samkvæmt samþykkt klúbbfundar hverju sinni til sérstakra verkefna á vegum klúbbsins. Þó má ekki verja fé úr sjóðnum í rekstrarþarfir klúbbsins eða til árlegra verkefna hans. Framlag til verkefnasjóðs skal geyma í sérstakri bankabók og skulu vextir af þeirri innstæðu renna til verkefnasjóðsins.

21. gr.

Gjöld til Rótarýsjóðsins (Rotary Foundation) skulu vera frjáls framlög.

## VI. KAFLI *Nefndir*

22. gr.

Forseti skal að fengnu samþykki annarra stjórnarmanna skipa þessar fimm aðalnefndir í byrjun starfsárs: Klúbbnefnd (club service), Starfsgreinanefnd (vocational service), Þjóðmálanefnd (community service). Alþjóðanefnd (international service) og Félagavalsnefnd.

Ennfremur skal forseti að fengnu samþykki annarra stjórnarmanna skipa nefndir til að sjá um einstök verkefni á sviði aðalnefndanna eftir því sem hann telur þörf á en aðra félaga sem ekki eru skipaðir í framangreindar nefndir skal skipa í starfshópa sem eingöngu hafa það hlutverk að sjá um dagskrárefni tiltekinna klúbbfunda samkvæmt fundaráætlun stjórnarinnar til jafns við aðrar nefndir.

Aðalnefndir skulu skipaðar fimm félögum nema Félagavalsnefnd, sem skal skipuð sjö félögum. Aðrar nefndir og starfshópar skulu skipa 3-5 félagar.

Áður en forseti næstu stjórnar skipar í nefndir skal hann leita eftir óskum félaga um setu þeirra í nefndum og leitast við að skipa þá í þær nefndir sem áhugi þeirra og vilji stendur til. Skipa má sama félaga í sömu nefnd svo lengi sem hann óskar þess. Þó skal forseti gæta þess að hæfileg endurnýjun verði í nefndunum.

23. gr.

- a)  *Klúbbnefnd* ber ábyrgð á klúbbstörfum og skal samræma störf þeirra nefnda sem skipaðar eru til að fjalla um einstök verkefni á sviði klúbbstarfsemi. Hún skal gera skrá yfir þær starfsgreinar á félagssvæðinu, sem talið er rétt að geti átt fulltrúa í klúbbnum, svo og hverjir þeirra eigi þar fulltrúa. Við gerð starfsgreinaskrárinnar og endurskoðun skal farið eftir reglum og leiðbeiningum frá Alþjóðasambandi rótarýmanna. Ef mikilsverðar starfsgreinar eiga ekki fulltrúa í klúbbnum, skal nefndin benda stjórninni á mikilvægi þess, að fulltrúi fái störf fyrir þær. Nefndin skal endurskoða starfsgreinaskrána við og við til þess að ganga úr skugga um að á henni séu ætíð mikilsverðustu atvinnugreinar í klúbbumdæminu, en ráðgjafi skal hún við stjórn klúbbsins um allt er máli skiptir í því sambandi.
- Skipa skal nefndir til að fjalla um einstök verkefni á þessu sviði, eftir því sem stjórnin telur ástæðu til. Meðal þessara nefnda er rótarýfræðslunefnd, sem skal sjá um að klúbbfélagar fái af og til upplýsingar um réttindi og skyldur sem fylgja aðild að rótarýklúbba, þar á meðal um sögu rótarý, markmið og starfsemi rótarýklúbba og Alþjóðasambands rótarýfélaga, ritnefnd til að annast útgáfumál klúbbsins og hátiðarnefnd til að sjá um fundi og samkomur með mökum félaga.
- b)  *Starfsgreinanefnd* skal skipuleggja og sjá um að klúbbfélagar haldi starfsgreinaerindi og veiti við og við fræðslu um starfsgrein sína til þess að félagar fái skilið vandamál og starfsaðstöðu hvers annars, svo og þjónustuhlutverk það sem hver um sig gegnir í þjóðfélaginu á hverjum tíma. Skipa skal nefndir til að fjalla um einstök verkefni á þessu sviði, eftir því sem stjórnin telur ástæðu til.
- c)  *Þjóðmálanefnd* skal sjá um að helstu mál félagssvæðisins og þjóðfélagsins verði jafnan kynnt félögum á fundum, og leiðbeina þeim eftir föngum um það, á hvern hátt þeir geti best lagt þessum málum lið. Skipa skal nefndir til að fjalla um einstök verkefni á þessu sviði, eftir því sem stjórnin telur ástæðu til. Meðal þessara nefnda skal vera æskulýðsnefnd sem skal annast æskulýðsmál klúbbsins, fund með niðjum félagsmanna og samskipti við skiptinema á vegum klúbbsins.
- d)  *Alþjóðanefnd* skal annast um að veitt verði fræðsla um viðhorf Rótarý til alþjóðamála og á hvern hátt rótarýfélagsskapurinn og einstakir félagar geti best stuðlað að og eflt velvild og gagnkvæman skilning þjóða á milli. Skipa skal nefndir til að fjalla um einstök verkefni á þessu sviði, eftir því sem stjórnin telur ástæðu til.
- e)  *Félagavalsnefnd* fjallar um allar tillögur um nýja féлага. Hún kynnir sér gaumgæfilega hvort þeir njóti álits og trausts í störfum sínum og ennfremur, hvort þeir séu félagslyndir. Nefndin lætur stjórn klúbbsins í té álit sitt.

24. gr.

- Hver nefnd skal inna af hendi þau störf sem henni eru falin samkvæmt þessum sérlögum, og önnur störf sem forsetinn eða stjórnin kunna að fela henni. Verkefni hverrar nefndar skal tilgreint í erindisbréfi forseta til nefndarmanna.
- Hver nefnd skal skrá í fundargerðabók upplýsingar um verkefni nefndarinnar og afgreiðslur mála á fundum hennar og halda til haga öllum gögnum sem varða starfsemi nefndarinnar þannig að tryggt sé að samræmi verði í stöfum nefndarinnar milli ára.

25. gr.

Formaður nefndar stjórnar fundum hennar og annast um framkvæmd í málum, sem nefndina varða.

Forseti klúbbsins getur sótt fundi í öllum nefndum, og jafnframt getur hann kvatt nefndirnar til að sitja stjórnarfundum. Hann skal fylgjast með því að nefndir ræki skyldur sínar.

VII.KAFLI

*Félagar*

26. gr.

*Almenn hæfisskilyrði.* Klúbburinn skal skipaður fullorðnum einstaklingum sem eru að góðu kunnir, njóta álits og gegna ábyrgðarstöðu í starfsgrein sinni.

*Tegundir félagsaðildar.* Í klúbbum geta verið virkir félagar og heiðursfélagar.

*Virkir félagar.* Einstaklinga sem uppfylla þau skilyrði sem tilgreind eru í a- lið 2. mgr. 5. gr. grundvallarlaga Alþjóðasambands rótarýmanna, má kjósa virka féлага í klúbbum.

*Heiðursfélagar.* Kjósa má sem heiðursféлага í klúbbum hvern þann einstakling sem hefur unnið frábærlega vel að hugsjónum rótarýmanna. Heiðursfélagar skulu vera undanþegnir greiðslu á inngöngugjaldi og ársgjöldum. Þeir hafa ekki atkvæðisrétt og eru ekki kjörgengir til neins embættis í klúbbum. Ekki skal litið á heiðursféлага sem fulltrúa fyrir starfsgreinar, en þeir skulu hafa rétt til að sitja fundi og njóta allra annarra friðinda klúbbsins. Enginn heiðursfélagi á tilkall til neinna réttinda eða friðinda í öðrum klúbbum. Stjórnin ákveður hversu lengi aðild heiðursféлага að klúbbum varir. Sami einstaklingur má vera heiðursfélagi í fleiri en einum rótarýklúbbum samtímis.

*Opinberar stöður.* Félagar sem kjörnir eru eða skipaðir í opinbera stöðu um tiltekinn tíma, eru ekki kjörgengir sem virkir félagar í klúbbum sem fulltrúar fyrir slíkar stöður. Þetta á þó ekki við um féлага sem gegna starfi eða stöðu í skólum eða öðrum fræðslustofnunum, né um féлага sem eru kjörnir eða skipaðir í dómastöðu. Virkur klúbbfélagi sem er kjörinn eða skipaður í opinbera stöðu um tiltekið tímabil, getur á meðan hann er í slíkri stöðu haldið áfram að vera virkur félagi í klúbbum sem fulltrúi fyrir þá starfsgrein, sem hann taldist til þegar hann var kjörinn eða skipaður í stöðuna.

*Aðild fyrrverandi félaga í öðrum rótarýklúbbum:* Sérhver félagi getur gert tillögu að inntöku nýs félaga, þegar svo háttar til að viðkomandi einstaklingur hefur sagt sig úr öðrum rótarýklúbbum vegna búferlaflutninga. Viðkomandi klúbbur getur einnig borið upp slíka tillögu.

*Tvöföld klúbbaðild.* Félagar mega ekki vera virkir félagar í fleiri en einum klúbbum samtímis. Enginn getur á sama tíma verið virkur félagi og heiðursfélagi í klúbbum.

27. gr.

Hverjum virkum félagi í klúbbum skal skipað í starfsgrein í samræmi við atvinnu hans.

Skipan virks félaga í starfsgrein skal miðast við viðurkennda aðalstarfsemi þess fyrirtækis, þess félags eða þeirrar stofnunar sem hann er tengdur, eða ef hann starfar sjálfstætt, skal skipan hans í starfsgrein miðast við viðurkennda aðalstarfsemi hans.

- Ekki skal kjósa virkan félag til skipunar í starfsgrein þar sem fyrir eru 5 eða fleiri félagar, nema svo hátti til að meðlimir klúbbsins séu 50 eða fleiri. Í því tilfelli má kjósa viðkomandi til virkrar félagsaðildar, enda sé þess gætt að það leiði ekki til þess að starfsgreinin telji fleiri virka féлага en sem nemur 10 af hundraði virkra félagsmanna. Féлага sem lætur af störfum fyrir aldurs sakir skal ekki lengur telja með í heildarfjölda féлага í starfsgrein. Komi til þess að félagi skipti um starfsgrein getur klúbburinn vikið framangreindum fjöldatakmörkunum til hliðar og ákveðið að telja hann ekki með í heildarfjölda féлага í hinni nýju starfsgrein.
- Stjórn klúbbsins getur leiðrétt eða breytt skipan klúbbfélaga í starfsgrein, enda réttlæti aðstæður þá ráðstöfun. Tilkynna skal klúbbfélaganum slíka fyrirhugaða breytingu eða lagfæringu með hæfilegum fyrirvara, og skal hann eiga áheyrnarrétt í málinu.

## 28. gr.

- Gildistími.* Félagsaðild varir á meðan klúbburinn starfar, nema henni ljúki vegna þeirra atvika sem frá greinir í ákvæðum VII. kafla.
- Sjálfkrafa lok félagsaðildar.* Félagsaðild lýkur sjálfkrafa þegar félagi uppfyllir ekki lengur skilyrði aðildar, fyrir utan að:
- (1) stjórnin getur veitt virkum félag sem flyst af klúbbsvæðinu sérstakt fjarvistarleyfi í allt að eitt ár til þess að heimsækja og kynnast rótarýklúbbi í því sveitarfélagi sem hann flyst til, enda hafi hann áfram þá atvinnu sem starfsgreinaflokkun hans er miðuð við, og haldi áfram að uppfylla önnur skilyrði félagsaðildar;
  - (2) stjórnin getur leyft féлага sem flytur af félagssvæðinu eða nágrenni þess að halda félagsaðild sinni, enda hafi hann áfram þá atvinnu sem starfsgreinaflokkun hans er miðuð við og haldi áfram að uppfylla önnur skilyrði félagsaðildar;
  - (3) félagi sem er ekki lengur virkur í starfsgrein sinni án þess að hafa látið af störfum fyrir aldurs sakir, hefur rétt til þess að halda félagsaðild og flokkun í starfsgrein að hámarki í eitt ár, til þess að gera honum kleift að leita sér að nýrri atvinnu í viðkomandi starfsgrein eða í nýrri starfsgrein. Slíkur félagi skal þó uppfylla öll önnur skilyrði félagsaðildar. Sjálfkrafa lok félagsaðildar koma fyrst til að liðnu einu ári frá því þær aðstæður komu til sem frá greinir í upphafi þessa töluliðar, án þess að breytingar verði á högum viðkomandi.
- Inntaka að nýju.* Þegar félagsaðild hefur lokið vegna aðstæðna sem frá greinir í 2. mgr. getur viðkomandi einstaklingur óskað aðildar að klúbbum að nýju þegar hann uppfyllir almenn inntökuskilyrði, hvort heldur sem er í sömu eða annarri starfsgrein. Ef umsóknin er tekin til greina skal ekki innheimta nýtt inntökugjald.
- Lok heiðursaðildar.* Heiðursaðild að klúbbum fellur sjálfkrafa niður í lok þess tímabils sem stjórnin hefur áður ákveðið að heiðursaðildin vari. Stjórnin getur þó framlengt heiðursaðild í tiltekinn tíma. Stjórnin getur ákveðið að fella niður heiðursaðild hvenær sem er.

## 29. gr.

- Nú greiðir félagi ekki gjöld sín innan 30 (þrjátíu) daga frá gjalddaga og skal ritari þá senda honum um það skriflega tilkynningu. Ef gjöldin hafa ekki verið greidd tíu dögum eftir dagsetningu tilkynningarinnar, lýkur félagsaðildinni sjálfkrafa nema stjórnin veiti frekari gjaldfrest.

Slíkur fyrrverandi félagi getur þó samkvæmt ákvörðun stjórnarinnar fengið inngöngu í klúbbinn aftur, ef hann sækir um það og greiðir allar skuldir sínar við klúbbinn; en þó getur enginn fyrrverandi félagi orðið virkur félagi að nýju, ef skipað hefur verið í starfsgrein þá sem hann var flokkaður í.

### 30. gr.

Aðild sérhvers virks félaga sem er fjarverandi á fjórum fastafundum í röð, lýkur sjálfkrafa, ef ekki er mælt öðru vísi fyrir í þessari grein, nema slík fjarvist sé bætt upp á þann hátt sem segir hér á eftir eða stjórnin telji fjarvistina stafa af góðum og gildum ástæðum.

Sérhver félagi sem er fjarverandi á fastafundi, getur bætt fyrir slíka fjarvist með því að sækja fastafund í öðrum rötaryklúbbsi eða klúbbsi sem verið er að stofna, hvenær sem er frá þeim tíma sem síðasti fastafundur þessa klúbbs var haldinn fyrir fjarverudaginn og til þess tíma sem næsti fastafundur eftir fjarverudaginn er haldinn. Fær hann þá fulla viðurkenningu fyrir fundarsókn í þessum klúbbsi vegna þess fastafundar sem hann sótti ekki í klúbbsi sínum, enda sendi ritari klúbbs þess sem heimsóttur var klúbbsnum tilkynningu um slíka fundarsetu, eða félaginn gefi sjálfur skýrslu um hana. Þetta er þó bundið því skilyrði, að félagi hafi hvert misseri sótt að minnsta kosti 30 (þrjátíu) af hundraði fastafunda í klúbbsi sínum, nema klúbbstjórn hafi veitt honum undanþágu af gildum ástæðum samkvæmt skriflegri umsókn hans. Það telst enn fremur til fundarsóknar, þegar félagi sækir fundi í nefndum eða ráðum á vegum íslenska rötaryumdæmisins, eða sækir hann aðrar gildar samkomur á vegum rötary, svo sem formót, umdæmisþing eða annað þess háttar.

Ef virkur félagi í þessum klúbbsi kemur á venjulegan fundarstað annars klúbbs á föstum fundartíma hans til þess að sitja fund, en sá klúbbur hefur fellt niður fund eða frestað eða breytt fundartíma eða fundarstað í þeirri viku, þá skal félaginn fá viðurkenningu fyrir fundarsókn í þessum klúbbsi í þeirri viku, eins og hann hefði átt rétt á, ef fundurinn hefði verið haldinn á hinum venjulega stað og tíma, enda tilkynni ritari klúbbsins, sem heimsækja skyldi, málavöxtu til þessa klúbbs eða félaginn gefi sjálfur skýrslu um þá.

### 31. gr.

Sérhver virkur félagi, sem er ekki viðstaddur að minnsta kosti 60 (sextíu) af hundraði af þeim tíma sem ætlaður er til þess fastafundar sem hann sækir, annað hvort í þessum klúbbsi eða öðrum klúbbsi, telst vera fjarverandi á þeim fundi, nema samþykkt forseta komi til.

Félagsaðild virks félaga lýkur sjálfkrafa, nema öðruvísi sé mælt hér á eftir, ef fundarsókn hans á fyrra eða síðara misseri starfsársins hefur verið minni en 60 (sextíu) af hundraði, nema klúbbstjórnin telji afsökun hans góða og gilda.

Ef félagi getur ekki sökum langvarandi vanheilsu eða örorku fullnægt ákvæðum þessarar greinar má klúbbstjórnin veita undanþágu frá fundarskyldu meðan á veikindum stendur, berist henni um það umsókn, og skal þá fjarvist félagans ekki talin í fundarsóknarskýrslum klúbbsins.

Félagi telst afsakaður frá fundarsókn ef samtala lífaldurs hans og þess tíma sem félagsaðild hans hefur varað er 85 eða hærri mæld í árum, enda hafi félaginn tilkynnt ritara klúbbsins skriflega að hann óski þess að vera undanþeginn skyldu til fundarsóknar.

Fjarvist félaga sem er embættismaður Alþjóðasambands rötarymanna telst ætíð vera afsakanleg.



Félaga sem er undanþeginn fundarsókn skv. 4. mgr. skal ekki telja með við útreikning á henni.

### 32. gr.

Klúbbstjórn getur fellt niður aðild hvers þess félaga sem fullnægir ekki lengur aðildarskilyrðum klúbbsins, enda sé það samþykkt með að minnsta kosti tveimur þriðju hlutum atkvæða stjórnarmanna á fundi sem er sérstaklega boðaður í þessu skyni.

Klúbbstjórn getur fellt niður aðild hvaða félaga sem er, ef hún telur ástæðu til, enda sé það samþykkt með að minnsta kosti tveimur þriðju hlutum atkvæða stjórnarmanna á fundi sem er sérstaklega boðaður í þessu skyni.

Hvort sem um er að ræða tilvik samkvæmt a) eða b) skal tilkynna félaganum bréflega hinar fyrirhuguðu aðgerðir og gefa honum að minnsta kosti 10 (tíu) daga frest til að leggja fram skriflegt svar. Hann skal einnig eiga kost á að koma á stjórnarfund til þess að útskýra mál sitt. Tilkynning um frestinn skal annaðhvort afhent félaganum sjálfum eða send honum í ábyrgðarpósti til síðasta þekkts heimilisfangs hans.

Ef ákveðið hefur verið að fella niður aðild, skal ritari klúbbsins tilkynna félaganum það skriflega áður en sjö dagar eru liðnir frá ákvörðun stjórnarinnar. Félaginn getur áður en fjórtán dagar eru liðnir frá dagsetningu tilkynningarinnar tilkynnt ritaranum skriflega ákvörðun sína um að skjóta máli sínu til klúbbsins. Við málskot skal stjórnin ákveða dag til málflutnings á fastafundi í klúbbum sem halda skal innan 21 (tuttugu og eins) dags frá móttöku skriflegrar málskotstilkynningar. Senda skal hverjum skriflega tilkynningu um þennan fund og efni hans með að minnsta kosti 5 (fimm) daga fyrirvara. Þegar málið er flutt, skulu engir vera viðstaddir nema klúbbfélagar.

Þegar klúbbstjórnin hefur fellt niður aðild virks félaga samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, skal klúbburinn ekki kjósa nýjan féлага er skipist í fyrirverandi starfsgrein hans, fyrr en liðinn er frestur til málflutnings um málskot, ef fram hefur komið og ákvörðun klúbbsins hefur verið tilkynnt.

Ráðstöfun klúbbstjórnarinnar er endanleg ef ekki er um að ræða málskot til klúbbsins. Ef um er að ræða málskot til klúbbsins, er ákvörðun hans endanleg.

### 33. gr.

Úrsögn félaga úr klúbbum skal vera skrifleg, stíluð til forseta eða ritara, og skal stjórnin samþykkja hana, ef allar skuldir félagans við klúbbinn hafa verið greiddar.

Hver sá er lokið hefur aðild sinni að klúbbum á hvaða hátt sem er, missir allt tilkall til sjóða eða annarra eigna klúbbsins.

## VIII. KAFLI

### *Nýir félagar*

### 34. gr.

Tillögu um nýja starfsgrein í klúbbum skal leggja fyrir forseta, sem leggur hana síðan fyrir stjórn klúbbsins. Ef stjórnin vill sinna henni, felur hún klúbbnefnd að athuga, hvort æskilegt sé að hafa fulltrúa fyrir þá starfsgrein í klúbbum.

Að fengnu álit klúbbnefndar ákveður stjórnin, hvort starfsgreinina velja skuli, og verði það gert, skal það tilkynnt félögum skriflega og þeim gefinn kostur á að tilnefna mann í hana. Skriflegri tilnefningu skal skila til ritara klúbbsins innan 10 daga. Að þeim liðnum leggur forseti málið fyrir félagavalsnefnd.

- Stjórn og félagavalsnefnd gæta þess, að val félaga sé í samræmi við 5. gr. grundvallarlaga Alþjóðasambands rótarýmanna og 4. gr. sérlaga þess.
- Í félagavalsnefnd skal fara fram leynileg atkvæðagreiðsla um þá einstaklinga, sem tilnefndir hafa verið. Fáí einhver þeirra fleiri en eitt mótatkvæði, kemur hann ekki til greina sem félagi. Að undangenginni framangreindri málsmeðferð tilkynnir ritari félögum skriflega ákvörðun stjórnarinnar um val nýs félaga. Hafi forseta klúbbsins engin andmæli borist gegn valinu innan 10 daga frá útgáfu tilkynningarinnar, skal hann bjóða þeim, sem í hlut eiga, að gerast félagar í klúbbum.
- Ef andmæli berast, skal stjórnin athuga valið að nýju og skal horfið frá inntöku, ef mótatkvæði er greitt innan stjórnarinnar.
- Nýr félagi fylli út umsóknareyðublað um inngöngu og greiði lögboðin inngöngugjöld. Að þessu loknu skal hann tekinn í klúbbum innan 4 vikna, og fari sú athöfn fram með virðulegum hætti. Með undirritun inngöngubeiðni og greiðslu inngöngugjalds telst hann hafa tekist á hendur skyldur þær, sem lög Alþjóðasambands rótarýmanna og klúbbsins mæla fyrir um, og með þeim skyldum einum nýtur hann réttinda þeirra, sem innganga í klúbbum veitir honum.
- Ritari tilkynnir síðan aðalskrifstofu Alþjóðasambands rótarýmanna inngöngu hins nýja félaga á þar til gerðu eyðublaði.

#### 35. gr.

- Um heiðursfélaga skal fara á sama hátt og um val á virkum félaga skv. 34. gr. eftir því sem við á.

#### 36. gr.

- Enginn félagi má skýra frá neinu utan klúbbsins, er varðar tilnefningu eða atkvæðagreiðslu um inntöku félaga í klúbbum.

### IX. KAFLI

#### *Ýmislegt*

#### 37. gr.

- Mál eða tillögur, sem fela í sér skuldbindingar fyrir klúbbum, skulu ekki bornar fram á fundi, fyrr en stjórn klúbbsins hefur fjallað um þær.
- Komi slíkt mál fyrir á klúbbumfundum án vitundar stjórnarinnar, skal umræðulaust vísa þeim til hennar. Að lokinni athugun skal stjórnin leggja málið fyrir klúbbumfund, og ræður þá meirihluti atkvæða úrslitum þess.

#### 38. gr.

- Samskota má ekki leita og hjálparbeiðnir má ekki bera fram í klúbbum eða á vegum hans nema með samþykki stjórnarinnar.

#### 39. gr.

- Stjórn klúbbsins setur reglur um fundarsköp. Skal í þeim stefnt að því að gera fundina ánægjulega og aðlaðandi fyrir félaga og gesti.

#### 40. gr.

- Árlega skal halda þessa fundi eftir ákvörðun stjórnarinnar:
  - 1) Fund fyrir niðja félaganna og maka niðjanna. Stjórnin ákveður hvaða hópum þessir fundir eru að öðru leyti ætlaðir.

- 2) Makafundur.
- 3) Árshátíð.

X. KAFLI  
*Lagabreytingar*

41. gr.

- Tillögur um lagabreytingar skulu vera skriflegar, og skal stjórnin senda öllum félögum þær, a.m.k. einni viku áður en þær koma til umræðu. Hafa skal tvær umræður um breytingarnar.
- Lagabreytingar öðlast gildi, ef þær eru samþykktar á ályktunarfærum fundi með 2/3 atkvæða viðstaddra fundarskyldra félaga, enda séu þær í samræmi við grundvallarlög og samþykktir Alþjóðasambands rótarýmanna.

*Ákvæði til bráðabirgða:*

- Lög þessi taka gildi hinn 1. júlí 2002.
- Þrátt fyrir ákvæði 26 gr., skal enginn sem var félagi í Rótarýklúbbum Reykjavík-Breiðholt fyrir 1. júlí 2002 glata félagsaðild sinni vegna þeirra breytinga sem gerðar voru á sérlögum klúbbsins á starfsárinu 2001-2002. Þeir félagar sem fyrir 1. júlí 2002 voru meðvirkir, aldvirkir eða fyrrvirkir félagar skulu teljast virkir félagar frá sama tíma.

*Um gildistöku og útgáfa sérlaganna.*

*Sérlög Rótarýklúbbsins Reykjavík-Breiðholt frá 1. júlí 1987 eru gefin út að nýju 2003 með þeim breytingum sem samþykktar voru á fundum klúbbsins 29. júní 1992, 12. febrúar 1996, 25. maí 1998 og 10. júní 2002.*

Ákvæði úr grundvallarlögum Rotary International (e. Constitution of Rotary International), sem vitnar er til í sérlögum rótarýklúbbsins Reykjavík-Breiðholt.

**Article V. Membership**

*Section 2 – Composition of Clubs.*

- (a) A club shall be composed of active members who are adult persons of good character and good business and professional reputation,
  - (i) engaged as a proprietor, partner, corporate officer, or manager of any worthy and recognized business or profession; or
  - (ii) holds an important position in any worthy and recognized business or profession or any branch or agency thereof and have executive capacity with discretionary authority; or
  - (iii) having retired from any position listed in sub-subsection (i) or (ii) of this subsection

and

having their places of business or residence located in the locality of the club or the surrounding area. An active member moving from the locality of the

club or the surrounding area may retain membership in the club where the member's board grants such permission and said active member continues to stay active in the same classification. If a member retires, or a member with three or more years of service changes residence or place of business so that the member no longer meets the foregoing locality requirements, the club may continue the member's membership without change of classification.

*Heimild:* Manual of Procedure 2001, sjá í heild á vefsíðunni [www.rotary.org](http://www.rotary.org).

## **Reglur fyrir Stallarasjóð Rótarýklúbbs Reykjavík-Breiðholt.**

1. gr.

Á vegum Rótarýklúbbsins Reykjavík-Breiðholt skal vera sérstakur sjóður, sem nefnist Stallarasjóður. Reikningsár sjóðsins er 1. júlí til 30. júní ár hvert..

2. gr.

Stallarasjóður skal vera í umsjón stillara klúbbsins.

3.gr.

Afla skal Stallarasjóði tekna með því að leggja gjald á alla fundarmenn, sem stallari innheimtir í upphafi hvers fundar.

4.gr.

Stjórn klúbbsins ákveður gjald í Stallarasjóð.

5.gr.

Tekjum Stallarasjóðs skal ráðstafað þannig:

1. Til að greiða matarkostnað fyrirlesara.
2. Til að greiða matarkostnað annarra gesta fundarins eftir ákvörðun forseta.
3. Til að greiða niður kostnað eða taka þátt í greiðslu kostnaðar vegna sérstakra funda, ferðalaga, árshátíðar klúbbsins eða þess háttar atburða í starfi klúbbsins, eftir ákvörðun stjórnar hverju sinni.

6.gr.

Stallari skal, auk þess sem hann innheimtir matargjald af fundarmönnum og gjald í stallarasjóð, hafa til sölu merki, fána og aðrar söluvörur klúbbsins og skila andvirði sölunnar til gjaldkera í lok hvers starfsárs.

7. gr.

Stallarasjóður skal yfirfarinn og áritaður af skoðunarmönnum ársreikninga klúbbsins og skulu þeir staðfesta rétta meðferð sjóðsins. Stallari skal leggja fram ársreikning sjóðsins á sama fundi sem fjallar um ársreikning klúbbsins fyrir liðið starfsár.

8. gr.

Reglur þessar taka gildi við samþykkt þeirra á klúbbfundi.

*Reglur þessar voru samþykktar á fundi klúbbsins 12. febrúar 1996. Breyting á 7. gr. er samþykkt 25. maí 1998.*